

**Ed.**

**258. Breytingartillögur**

[123. mál]

við frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. 5. tl. orðist svo:  
Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum og ekki heldur af vörum frá selveiðum. Niðurlagðar vörur skulu í þessu sambandi teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverð hinnar útfluttu vöru er minna en  $\frac{1}{4}$  hluti útflutningsverðsins.
2. Við 3. gr. 4. tl. orðist svo:  
Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins 1.17%
3. Við 4. gr.
  - a. Niður falli orðin „nema annað sannist“ í 2. mgr.
  - b. 3. mgr. orðist svo:  
Gjald skv. 1. tl. 2. gr. miðast við nettóþunga hinnar seldu vöru, enda ber útflytjanda að geta hans í útflutningsskjölum.
4. Við 6. gr. Inn í 1. mgr. bætist á eftir orðunum „öðrum hleðsluskírteinum“: útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf.
5. Á eftir 11. gr. komi ný grein, sem verði 12. gr. og orðist svo:  
Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirsmæli um framkvæmd þessara laga.